

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. desember 1979.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. desember 1979:

Söltuð ufsaflök:	U. S. \$ pr. kg eif
16/20 FF	2.86
— AB	2.42
21/25 FF	2.76
— AB	2.33
26/30 FF	2.66
— AB	2.25
31/35 FF	2.56
— AB	2.17
36/40 FF	2.46
— AB	2.08
41/45 FF	2.36
— AB	1.99
46/50 FF	2.25

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

1. gr.

Nafn og heimili.

Akureyrarkaupstaður á og starfrækir fyrirtæki með nafninu Rafveita Akureyrar. Heimilisfang þess er á Akureyri.

Rafveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki.